

# **Sveitarfélagið Skagaströnd**

**Ársreikningur 2021**

# Efnisyfirlit

---

	<b>Bls.</b>
Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra .....	<b>3</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	<b>4 - 5</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>6</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>7 - 8</b>
Sjóðstreymi .....	<b>9</b>
Skýringar .....	<b>10 - 18</b>
<b>Sundurliðanir</b>	
Rekstraryfirlit .....	<b>19</b>
Efnahagsyfirlit .....	<b>20 - 21</b>

Sveitarfélagið Skagaströnd  
Kennitala 650169-6039  
Túnbraut 1 - 3, 545 Skagaströnd

## Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um reikningskil sveitarfélaga.

Óvenjulegar aðstæður hafa skapast vegna kórónaveirunnar Covid-19 og óvissa er enn um endanleg efnahagsleg áhrif faraldursins. Covid-19 hefur haft nokkur áhrif bæði á tekjur og gjöld sveitarfélagsins á árunum 2020 og 2021 sbr. umfjöllun í skýringu nr. 15.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2021 námu kr. 706,7 millj. en voru kr. 667,5 millj. árið 2020 og hafa hækkað um 5,9% á milli ára. Rekstrarniðurstaða var neikvæð á árinu um kr. 55,8 millj. í samanburði við kr. 22,7 millj. neikvæða afkomu árið 2020.

Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu nam kr. 46,9 millj. og var kr. 28,4 millj. umfram áætlun. Hluti sveitarfélagsins í áunnum réttindum starfsmanna þess hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins B deild hefur verið áætlaður um 53% en uppfært mat tryggingafræðings miðar við að hlutdeild sveitarfélagsins verði um 59,1%. Hækkun lífeyrisskuldbindingar samkvæmt efnahagsreikningi og breyting lífeyrisskuldbindingar samkvæmt rekstrarreikningi nemur um kr. 24,5 millj. á árinu vegna þessara breytinga.

Tap varð af rekstri A hluta fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld að fjárhæð kr. 81,7 millj. samanbórið við kr. 68,8 millj. tap skv. fjárhagsáætlun. Afkoma samstæðu sveitarfélagsins var kr. 3,6 millj. hagstæðari en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir.

Heildareignir sveitarfélagsins námu í árslok kr. 1.744 millj. og eigið fé var um kr. 1.302 millj.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2021 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Skagaströnd, 12. apríl 2022



Sveitarstjórn og sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Skagaströnd, 6. maí 2022

Halldór A. Ólafsson

Péturína J. Jakobsd.

Smíðun lífeyris  
Ástrós Elisdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Sveitarfélaginu Skagaströnd í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru sveitarstjórn og sveitarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sveitarfélagsins Skagastrandar. Ef við á skulu sveitarstjórn og sveitarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 6. maí 2022

**Enor ehf.**

Hafnarstræti 53, 600 Akureyri

*Niels Guðmundsson*

Niels Guðmundsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2021

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Rekstrartekjur</b>	3					
Skatttekjur .....	335.476	336.940	334.065	329.761	331.225	327.636
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	141.349	135.427	141.484	141.349	135.427	141.484
Aðrar tekjur .....	112.208	107.756	98.268	235.588	214.858	198.410
	<u>589.033</u>	<u>580.123</u>	<u>573.816</u>	<u>706.698</u>	<u>681.510</u>	<u>667.530</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	4	315.945	319.323	297.409	332.487	315.110
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	11	46.883	18.526	26.569	46.883	26.569
Annar rekstrarkostnaður .....		307.945	311.024	273.615	329.500	300.763
Afskriftir .....	7	28.532	26.640	24.240	45.436	42.352
		<u>699.305</u>	<u>675.513</u>	<u>621.833</u>	<u>754.306</u>	<u>684.794</u>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda</b>		(110.272)	(95.390)	(48.017)	(47.609)	(17.264)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	5	1.075	2.000	4.100	(8.225)	(5.404)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u>(109.197)</u>	<u>(93.390)</u>	<u>(43.917)</u>	<u>(55.834)</u>	<u>(22.668)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7				
Fasteignir og hafnarmannvirki .....		498.421	464.786	937.028	937.740
Veitukerfi .....		0	0	49.134	41.612
Gatnakerfi .....		144.985	158.829	144.985	158.829
Vélar, áhöld og tæki .....		58.423	51.732	60.276	53.839
		<u>701.828</u>	<u>675.347</u>	<u>1.191.423</u>	<u>1.192.019</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum .....	8	54.091	54.091	54.091	54.091
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		18.021	18.804	18.021	18.804
		<u>72.112</u>	<u>72.895</u>	<u>72.112</u>	<u>72.895</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>773.941</b>	<b>748.242</b>	<b>1.263.535</b>	<b>1.264.914</b>
<b>Veltufjármunir</b>					
Óinnheimtar tekjur .....	9	54.314	52.504	65.870	55.530
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		783	783	783	783
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		239.013	231.975	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		21.213	37.356	21.531	37.713
Handbært fé .....		391.623	432.959	391.796	435.368
		<u>706.946</u>	<u>755.577</u>	<u>479.980</u>	<u>529.394</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b>1.480.887</b>	<b>1.503.819</b>	<b>1.743.515</b>	<b>1.794.307</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	10	1.046.875	1.130.715	1.302.148	1.332.625
<b>Skuldir</b>					
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbinding .....	11	237.154	198.347	237.154	198.347
Langtímaskuldir:					
Skuldir í íslenskum krónum .....	12	0	0	120.312	190.824
Skammtímaskuldir:					
Viðskiptaskuldir .....		47.830	22.604	47.830	22.604
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	12	0	0	6.077	8.515
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		125.426	115.748	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		23.603	36.404	29.995	41.392
		196.858	174.756	83.901	72.511
<b>Skuldir samtals</b>		434.012	373.103	441.367	461.682
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		1.480.887	1.503.819	1.743.515	1.794.307
<b>Ábyrgðarskuldbindingar</b>	13				
<b>Aðrar upplýsingar og lykiltölur</b>	14 - 17				



## Sjóðstreymi ársins 2021

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):						
Rekstrarniðurstaða .....	(109.197)	(93.390)	(43.917)	(55.834)	(58.551)	(22.668)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir .....	7	28.532	26.640	24.240	45.436	42.352
Verðbætur langtímalána .....		0	0	0	7.002	6.843
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	11	46.883	18.526	26.569	46.883	26.569
Aðrir liðir .....		2.898	0	0	(19.199)	(14.747)
		(30.884)	(48.224)	6.892	24.288	11.794
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:						
Óinnheimtar tekjur .....	9	(1.809)	0	(278)	(10.340)	0
Skammtímaskröfur .....		21.603	0	2.360	21.642	0
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:						
Skammtímaskuldir .....		12.424	0	(4.296)	13.828	0
Greitt v. lífeyrisskuldb. ....	11	(7.294)	(7.200)	(6.228)	(7.294)	(7.200)
		24.924	(7.200)	(8.442)	17.837	(7.200)
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		<b>(5.961)</b>	<b>(55.424)</b>	<b>(1.549)</b>	<b>42.125</b>	<b>4.594</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfesting í varanlegum						
rekstrarfjármunum .....	7	(40.126)	(55.300)	(55.707)	(69.030)	(74.945)
Söluverð varanl. rekstrarfjm. ....		2.111	0	0	63.285	0
		(38.015)	(55.300)	(55.707)	(5.745)	(91.600)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Afborganir langtímalána .....	12	0	0	0	(79.952)	(7.668)
Eigin fyriræki, breyting .....		2.640	18.280	23.247	0	0
		2.640	18.280	23.247	(79.952)	(7.668)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		<b>(41.336)</b>	<b>(92.444)</b>	<b>(34.009)</b>	<b>(43.572)</b>	<b>(94.674)</b>
Handbært fé í byrjun árs .....		432.959	432.959	466.968	435.368	435.368
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b>391.623</b>	<b>340.515</b>	<b>432.959</b>	<b>391.796</b>	<b>435.368</b>

# Skýringar

---

## 1. Almennar upplýsingar

Sveitarfélagið Skagaströnd er á vestanverðum Skaga á Norðurlandi vestra. Í lok árs 2021 voru íbúar sveitarfélagsins 481.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2021 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga í samræmi við 60. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til sveitarsjóðs, A hluta, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð og þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru félagslegar íbúðir, fráveita, vatnsveita, hafnarsjóður og félagsheimilið Fellsborg.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur sveitarfélagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjördsdegi.

### Skráning tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Aðrar rekstrartekjur samanstanda af sölu á vöru og þjónustu að teknu tilliti til afslátta. Tekjur af vörusölu eru skráðar þegar áhætta og eignarréttur vörunnar hefur færst yfir til kaupanda. Tekjur fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að sveitarfélagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Arðstekjur frá félögum eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

# Skýringar

---

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörsdegi.

Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Allar matsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan eiginfjárreikning.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tilliti til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

### Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtíma kröfur sem ætluð er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreytingar í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.

### Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Breyting á skuldbindingunni er færð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 11.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til affalla eða yfirverðs sem varð til þegar til skuldanna var stofnað. Afföll og yfirverð færast í rekstrarreikning á líftíma skuldanna miðað við virka vexti. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á.

Lán sem reiknað er með að komi til greiðslu innan 12 mánaða eru flokkuð sem skammtímaskuldir í efnahagsreikningi.

# Skýringar

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)

### Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Fjárhagsáætlunin inniheldur viðauka sem samþykktir hafa verið af sveitarstjórn. Gerð er grein fyrir fjárhagsáætlun og viðaukum í skýringu nr. 17.

## 3. Rekstrartekjur

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum
Skatttekjur:				
Útsvar .....	301.456	303.000	301.456	303.000
Fasteignaskattur og lóðaleiga .....	34.020	33.940	28.305	28.225
	<u>335.476</u>	<u>336.940</u>	<u>329.761</u>	<u>331.225</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs:				
Framlag vegna útgjaldajöfnunar .....	57.084	53.731	57.084	53.731
Framlag vegna grunnskóla .....	57.491	56.406	57.491	56.406
Framlag vegna fasteignaskatts .....	23.674	21.651	23.674	21.651
Önnur framlög .....	3.100	3.639	3.100	3.639
	<u>141.349</u>	<u>135.427</u>	<u>141.349</u>	<u>135.427</u>
Aðrar tekjur .....	112.208	107.756	235.588	214.858
Rekstrartekjur samtals .....	589.033	580.123	706.698	681.510

## 4. Laun og launatengd gjöld

Laun .....	257.243	259.790	270.625	272.845
Launatengd gjöld .....	58.702	59.533	61.862	62.613
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	46.883	18.526	46.883	18.526
	<u>362.828</u>	<u>337.849</u>	<u>379.370</u>	<u>353.984</u>

Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar námu kr. 22,4 millj. á árinu 2021.

## 5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur .....	1.912	3.017	1.914	3.016
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(837)	(1.017)	(10.139)	(11.254)
	<u>1.075</u>	<u>2.000</u>	<u>(8.225)</u>	<u>(8.238)</u>

# Skýringar

## 6. Heildaryfirlit um rekstur

	Tekjur	Gjöld	Mismunur	Áætlun 2021 með viðaukum
<b>Aðalsjóður</b>				
Skatttekjur .....	488.620		488.620	484.162
Félagsþjónusta .....	1.003	65.517	(64.513)	(58.352)
Fræðslu- og uppeldismál .....	62.535	326.075	(263.540)	(270.499)
Menningarmál .....	1.299	19.757	(18.457)	(20.218)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	10.090	70.699	(60.609)	(60.746)
Brunamál og almannavarnir .....	2.066	9.104	(7.038)	(7.456)
Hreinlætismál .....	10.074	20.935	(10.861)	(9.378)
Skipulags- og byggingamál .....	136	3.562	(3.427)	(2.970)
Umferðar- og samgöngumál .....	0	10.931	(10.931)	(15.295)
Umhverfismál .....	0	7.746	(7.746)	(8.040)
Atvinnumál .....	2.919	14.072	(11.154)	(13.075)
Sameiginlegur kostnaður .....	11.066	80.222	(69.155)	(73.648)
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....		46.883	(46.883)	(18.526)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....			7.227	6.003
Millifærslur .....	(3.951)	(3.951)	0	0
<b>Aðalsjóður samtals .....</b>	<b>585.857</b>	<b>671.553</b>	<b>(78.470)</b>	<b>(68.038)</b>
<b>A hluta stofnanir</b>				
Eignasjóður .....	40.536	58.353	(17.817)	(11.205)
Þjónustumiðstöð .....	11.294	24.204	(12.910)	(14.147)
Millifærslur .....	(48.654)	(48.654)	0	0
<b>A hluti samtals .....</b>	<b>589.033</b>	<b>705.456</b>	<b>(109.197)</b>	<b>(93.390)</b>
<b>B hluta fyrirtæki</b>				
Hafnarsjóður .....	55.734	42.726	13.008	(568)
Vatnsveita .....	13.383	3.945	9.437	8.502
Félagslegar íbúðir .....	47.328	19.488	27.840	25.694
Fráveita .....	11.176	2.021	9.155	8.269
Félagsheimili .....	1.693	7.770	(6.077)	(7.058)
Millifærslur A og B hluta .....	(11.648)	(11.648)	0	0
<b>B hluti samtals .....</b>	<b>117.665</b>	<b>64.302</b>	<b>53.363</b>	<b>34.839</b>
<b>A og B hluti samtals .....</b>	<b>706.698</b>	<b>769.758</b>	<b>(55.834)</b>	<b>(58.551)</b>

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og hafnarmannvirki	Veitukerfi og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>A hluti</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	464.786	158.829	51.732	675.347
Viðbót ársins .....	25.249	0	14.878	40.126
Selt og niðurlagt á árinu .....	(5.461)	(3.750)	(1.259)	(10.470)
Virðisrýrnun / endurmat lóða og lendna .....	25.357	0	0	25.357
Afskriftir .....	(11.510)	(10.094)	(6.927)	(28.532)
<b>Bókfært verð í árslok .....</b>	<b>498.421</b>	<b>144.985</b>	<b>58.423</b>	<b>701.828</b>
Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:				
Kostnaðarverð .....	713.196	212.356	81.796	1.007.348
Virðisrýrnun / endurmat lóða og lendna .....	185.374	0	0	185.374
<b>Afskrifað samtals .....</b>	<b>(400.149)</b>	<b>(67.371)</b>	<b>(23.373)</b>	<b>(490.894)</b>
<b>Bókfært verð í árslok .....</b>	<b>498.421</b>	<b>144.985</b>	<b>58.423</b>	<b>701.828</b>
Afskriftahlutföll .....	0 - 4%	4 - 10%	10 - 30%	

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir (frh)

	Fasteignir og hafnarmannvirki	Veitukerfi og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>A og B hluti</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	937.740	200.440	53.839	1.192.019
Viðbót ársins .....	45.417	8.735	14.878	69.030
Selt og niðurlagt á árinu .....	(44.537)	(3.750)	(1.259)	(49.546)
Virðisrýrnun / endurmat lóða og lendna .....	25.357	0	0	25.357
Afskriftir .....	(26.948)	(11.307)	(7.181)	(45.436)
Bókfært verð í árslok .....	937.028	194.119	60.276	1.191.423
 Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:				
Kostnaðarverð .....	1.269.702	461.575	89.850	1.821.126
Virðisrýrnun / endurmat lóða og lendna .....	185.374	0	0	185.374
Afskrifað samtals .....	(518.047)	(267.456)	(29.574)	(815.077)
Bókfært verð í árslok .....	937.028	194.119	60.276	1.191.423
 Afskriftahlutföll .....	0 - 4%	4 - 10%	10 - 30%	

Bókfært verð og váttryggingaverð fasteigna og mannvirkja sveitarfélagsins greinist þannig í árslok:

A hluti	Váttryggingar-	
	verð	Bókfært verð
Skólahúsnæði .....	367.990	113.452
Leikskóli .....	96.284	23.203
Íþróttahús og sundlaug .....	546.688	67.136
Þjónustuhúsnæði .....	1.718.190	109.256
Gatnakerfi .....	0	144.985
Lóðir og lendur .....	0	185.374
	2.729.152	643.406
 <b>B hluti</b>		
Hafnarmannvirki .....	1.568	168.192
Fráveitukerfi .....	296	26.129
Vatnsveitukerfi .....	357	23.005
Íbúðir .....	499	187.027
Þjónustuhúsnæði .....	430	83.389
	3.150	487.741
 A og B hluti samtals .....	2.732.302	1.131.147

## 8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:	A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð
Ámundakinn ehf .....	10.250	10.250
Hólanes ehf .....	24.500	24.500
Nes Listamiðstöð ehf .....	9.000	9.000
Sjávarlíftækniþing BioPol ehf .....	7.000	7.000
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf .....	25.957	25.957
Aðrir eignarhlutir .....	1.885	1.885
Niðurfærsla eignarhluta .....	(24.500)	(24.500)
	54.091	54.091

# Skýringar

## 9. Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Kröfur .....	62.604	57.375	76.460	61.801
Niðurfærsla krafna .....	(8.290)	(4.871)	(10.590)	(6.271)
	54.314	52.504	65.870	55.530

Niðurfærsla krafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum kröfum í efnahagsreikningi.

Breyting á niðurfærslu krafna greinist þannig:

Staða í upphafi ársins .....	4.871	8.372	6.271	10.172
Endanleg afskrift tapaðra krafna .....	(69)	(2.154)	(69)	(2.646)
Framlag í afskriftareikning .....	3.488	(1.347)	4.388	(1.255)
	8.290	4.871	10.590	6.271

## 10. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningi:

	A hluti	A og B hluti
Staða í ársbyrjun .....	1.130.715	1.332.625
Rekstrarniðurstaða .....	(109.197)	(55.834)
Endurmat lóða og lendna .....	25.357	25.357
Staða í árslok .....	1.046.875	1.302.148

## 11. Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna Sveitarfélagsins Skagastrandar í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins annara en grunnskólakennara. Hluti sveitarfélagsins í áunnum réttindum starfsmanna þess hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins B deild hefur verið áætlaður um 53% en uppfært mat tryggingafræðings miðar við að hlutdeild sveitarfélagsins verði um 59,1 %.

Í lok maí 2017 lá fyrir útreikningur á lífeyrisskuldbindingu vegna Brúar lífeyrissjóðs og nam heildarfjárhæð skuldbindingar sveitarfélagsins kr. 29,8 millj. Gefin var út reglugerð um meðhöndlun á uppgjöri skuldbindingarinnar í ársreikningum sveitarfélaga. Á árinu 2017 voru gjaldfærðar kr. 7,9 millj. en eftirstöðvarnar koma til gjalda á árunum 2018 - 2047. Skuldbindingin var greidd að fullu á árinu 2018 og er sá hluti sem ekki hefur verið færður til gjalda í rekstrarreikningi færður sem fyrirframgreiddur kostnaður í efnahagsreikningi.

Breyting á lífeyrisskuldbindingu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða í ársbyrjun .....	198.347	198.347
Greitt á árinu .....	(7.294)	(7.294)
Hækkun á árinu .....	46.883	46.883
Aðrar breytingar .....	(783)	(783)
Staða í árslok .....	237.154	237.154

# Skýringar

## 12. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða í ársbyrjun .....	0	199.339
Afborganir á árinu .....	0	(79.952)
Verðbætur .....	0	7.002
Staða í árslok .....	0	126.389

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

Skuldir í ISK, verðtryggðar, vextir 1 - 2,4% .....	0	126.389
--	---	---------

Framangreind vaxtahlutföll eru gildandi vextir viðkomandi lánaflokka í árslok 2021.

Afborganir af langtímaskuldum í árslok 2021 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2022 .....	0	6.077
Árið 2023 .....	0	6.161
Árið 2024 .....	0	6.248
Árið 2025 .....	0	6.336
Árið 2026 .....	0	6.426
Síðar .....	0	95.141
	0	126.389

## 13. Ábyrgðarskuldbindingar

Sveitarfélagið Skagaströnd er aðili að eftirfarandi byggðasamlögum sem hafa fjárhagslegar skuldbindingar:

- Byggðasamlag um Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga
- Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.
- Byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavetninga.
- Norðurá bs. -byggðasamlag um sorpeyðingu.

Samkvæmt breytingu á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga sem samþykkt var í upphafi árs 2021, skal færa byggðasamlög inn í samantekin reikningsskil sveitarfélaga miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta. Sveitarfélagið hefur ákveðið að nýta sér heimildarákvæði í reglugerð nr. 14/2022 sem veitir sveitarfélaginu eins árs frest frá því að taka byggðasamlög, sjálfseignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð þess.

## 14. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar sveitarfélagsins eru sveitarstjórnarmenn, lykilstjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra ásamt tengdum félögum. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

## 15. Áhrif Covid-19

Covid-19 hefur haft nokkur áhrif á rekstur sveitarfélagsins árunum 2020 og 2021 eins og hjá öðrum sveitarfélögum. Áhrifin hafa komið fram í lækun tekna þar sem m.a. var ekki rukkað fyrir þjónustu sem íbúar gátu ekki nýtt sér en á móti hafa kostnaðarliðir haldið sér og einnig hækkað á ýmsum sviðum vegna sóttvarna og aukinnar þjónustu. Áhrifa faraldursins mun gæta áfram eitthvað fram eftir árinu 2022, en það er mat stjórnenda að greiðslu- og rekstrarhæfi sveitarfélagsins sé þó ekki ógnað.



# Skýringar

## 16. Lykiltölur

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur</b>				
Útsvar .....	51,2%	52,2%	42,7%	44,5%
Fasteignaskattur, lóðaleiga .....	5,8%	5,9%	4,0%	4,1%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	24,0%	23,3%	20,0%	19,9%
Aðrar tekjur .....	19,0%	18,6%	33,3%	31,5%
Rekstrartekjur samtals .....	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld .....	53,6%	55,0%	47,0%	49,2%
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	8,0%	3,2%	6,6%	2,7%
Annar rekstrarkostnaður .....	52,3%	53,6%	46,6%	48,8%
Afskriftir .....	4,8%	4,6%	6,4%	6,6%
Rekstrargjöld samtals .....	118,7%	116,4%	106,7%	107,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	0,2%	0,3%	-1,2%	-1,2%
Rekstrarniðurstaða .....	-18,5%	-16,1%	-7,9%	-8,6%
<b>Á íbúa</b>				
Rekstur:				
Skatttekjur .....	998	988	986	976
Aðrar tekjur .....	235	225	493	449
Laun og launatengd gjöld .....	(661)	(668)	(696)	(702)
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	(98)	(39)	(98)	(39)
Annar rekstrarkostnaður .....	(644)	(651)	(689)	(696)
Afskriftir .....	(60)	(56)	(95)	(95)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	2	4	(17)	(17)
Rekstrarniðurstaða .....	(228)	(195)	(117)	(122)
	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
Efnahagur:				
Fastafjármunir .....	1.609	1.575	2.671	2.780
Veltufjármunir .....	1.470	1.591	1.015	1.164
Eignir samtals .....	3.079	3.166	3.686	3.944
Eigið fé .....	2.176	2.380	2.753	2.929
Lífeyrisskuldbinding .....	493	418	501	436
Langtímaskuldir .....	0	0	254	419
Skammtímaskuldir .....	409	368	177	159
Skuldir samtals .....	902	785	933	1.015
Eigið fé og skuldir samtals .....	3.079	3.166	3.686	3.944

## Skýringar

### 16. Lykiltölur (frh)

	A hluti		A og B hluti	
	2021	2020	2021	2020
<b>Aðrar lykiltölur</b>				
Veltufjárhlutfall .....	3,59	4,32	5,72	7,30
Eiginfjárhlutfall .....	70,7%	75,2%	74,7%	74,3%
<b>Íbúafjöldi</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Í ársbyrjun .....	475	473	455	480
Breyting á árinu .....	6	2	18	-25
Í árslok .....	481	475	473	455
Útsvarsprósenta .....	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%
Fasteignaskattur:				
Íbúðarhúsnæði (A - flokkur) .....	0,48%	0,48%	0,48%	0,48%
Opinberar stofnanir (B - flokkur) .....	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Verslunar og atvinnuhúsnæði (C - flokkur) .....	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%

### 17. Rekstraráætlun og viðaukar

Sveitarstjórn hefur samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2021. Á neðangreindu yfirliti er fjárhagsáætlun ársins, samþykktir viðaukar og fjárhagsáætlun með viðaukum.

	A hluti			A og B hluti		
	Fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags - áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags - áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar .....	303.000	0	303.000	303.000	0	303.000
Fasteignaskattur, lóðaleiga .....	33.940	0	33.940	28.225	0	28.225
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	134.459	968	135.427	134.459	968	135.427
Aðrar tekjur .....	96.205	11.551	107.756	181.354	33.504	214.858
Rekstrartekjur samtals .....	567.604	12.519	580.123	647.038	34.472	681.510
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun .....	311.218	8.105	319.323	329.160	6.298	335.458
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	17.421	1.105	18.526	17.421	1.105	18.526
Annar rekstrarkostnaður .....	288.349	22.675	311.024	307.164	25.456	332.620
Afskriftir .....	26.268	372	26.640	44.847	372	45.219
Rekstrargjöld samtals .....	643.256	32.257	675.513	698.592	33.231	731.823
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda</b>	(75.652)	(19.738)	(95.390)	(51.554)	1.241	(50.313)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	2.000	0	2.000	(5.680)	(2.558)	(8.238)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(73.652)</b>	<b>(19.738)</b>	<b>(93.390)</b>	<b>(57.234)</b>	<b>(1.317)</b>	<b>(58.551)</b>

## Rekstraryfirlit 2021

(Allar fjárhæðir eru í þús.)

	Skatttekjur	Framlög jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Laun og launategd gjöld	Breyting lífeyrisskuld- bindingar	Annar rekstrar- kostnaður	Afskriftir	Samtals gjöld	Fjármuna- tekjur og fjármagns- gjöld	Niður- staða	Fjárhags- áætlun með viðaukum
<b>Sjóðir í A hluta</b>												
00 - Skatttekjur.....	347.271	141.349		488.620							<b>488.620</b>	<b>484.162</b>
02 - Félagsþjónusta.....			1.003	1.003	9.541		55.975		65.517		<b>(64.513)</b>	<b>(58.352)</b>
04 - Fræðslu- og uppeldismál.....			62.535	62.535	183.840		142.235		326.075		<b>(263.540)</b>	<b>(270.499)</b>
05 - Menningarmál.....			1.299	1.299	4.774		14.983		19.757		<b>(18.457)</b>	<b>(20.218)</b>
06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....			10.090	10.090	40.374		30.325		70.699		<b>(60.609)</b>	<b>(60.746)</b>
07 - Brunamál og almannavarnir.....			2.066	2.066	5.485		3.619		9.104		<b>(7.038)</b>	<b>(7.456)</b>
08 - Hreinlætismál.....			10.074	10.074			20.935		20.935		<b>(10.861)</b>	<b>(9.378)</b>
09 - Skipulags- og byggingamál.....			136	136			3.562		3.562		<b>(3.427)</b>	<b>(2.970)</b>
10 - Umferðar- og samgöngumál.....							10.931		10.931		<b>(10.931)</b>	<b>(15.295)</b>
11 - Umhverfismál.....							7.746		7.746		<b>(7.746)</b>	<b>(8.040)</b>
13 - Atvinnumál.....			2.919	2.919	7.109		6.963		14.072		<b>(11.154)</b>	<b>(13.075)</b>
21 - Sameiginlegur kostnaður.....			11.066	11.066	52.106		28.116		80.222		<b>(69.155)</b>	<b>(73.648)</b>
22 - Breyting lífeyrisskuldbindingar.....						46.883			46.883		<b>(46.883)</b>	<b>(18.526)</b>
28 - Fjármagnsliðir.....										7.227	<b>7.227</b>	<b>6.003</b>
Millifærslur.....			(3.951)	(3.951)					(3.951)			
<b>Aðalsjóður</b>	<b>347.271</b>	<b>141.349</b>	<b>97.237</b>	<b>585.857</b>	<b>303.229</b>	<b>46.883</b>	<b>321.441</b>		<b>671.553</b>	<b>7.227</b>	<b>(78.470)</b>	<b>(68.038)</b>
Eignasjóður.....			40.536	40.536			24.721	27.481	52.202	(6.151)	<b>(17.817)</b>	<b>(11.205)</b>
Þjónustumiðstöð.....			11.294	11.294	12.716		10.437	1.051	24.204		<b>(12.910)</b>	<b>(14.147)</b>
Millifærslur.....	(11.795)		(36.859)	(48.654)			(48.654)		(48.654)			
<b>Samstæðureikningur A - hluta</b>	<b>335.476</b>	<b>141.349</b>	<b>112.208</b>	<b>589.033</b>	<b>315.945</b>	<b>46.883</b>	<b>307.945</b>	<b>28.532</b>	<b>699.305</b>	<b>1.075</b>	<b>(109.197)</b>	<b>(93.390)</b>
<b>Sjóðir í B - hluta</b>												
Hafnarsjóður.....			55.734	55.734	16.542		18.188	7.997	42.726		<b>13.008</b>	<b>(568)</b>
Vatnsveita.....			13.383	13.383			3.316	629	3.945		<b>9.437</b>	<b>8.502</b>
Félagslegar íbúðir.....			47.328	47.328			7.910	2.277	10.187	(9.301)	<b>27.840</b>	<b>25.694</b>
Fráveita.....			11.176	11.176			1.437	584	2.021		<b>9.155</b>	<b>8.269</b>
Félagsheimili.....			1.693	1.693			2.352	5.418	7.770		<b>(6.077)</b>	<b>(7.058)</b>
Millifærslur A og B hluta.....	(5.715)		(5.933)	(11.648)			(11.648)		(11.648)			
<b>Samstæðureikningur</b>	<b>329.761</b>	<b>141.349</b>	<b>235.588</b>	<b>706.698</b>	<b>332.487</b>	<b>46.883</b>	<b>329.500</b>	<b>45.436</b>	<b>754.306</b>	<b>(8.225)</b>	<b>(55.834)</b>	<b>(58.551)</b>

## Efnahagsyfirlit 31.12 2021

(Allar fjárhæðir eru í þús.)

	Aðal - sjóður	Eigna - sjóður	Þjónustu- miðstöð	Milli- færslur	Samstæðu- reikningur A-hluta	Hafnar- sjóður	Vatns- veita	Félagslegar leiguíbúðir	Fráveita	Félags- heimili	Milli- færslur	Samstæðu- reikningur
<b>Eignir</b>												
<b>Fastafjármunir:</b>												
Varanlegir rekstrarfjármunir:												
Fasteignir.....		498.421			<b>498.421</b>	23.840		187.027		83.389		<b>792.677</b>
Veitukerfi.....							23.005		26.129			<b>49.134</b>
Gatnakerfi.....		144.985			<b>144.985</b>							<b>144.985</b>
Hafnarmannvirki.....						144.351						<b>144.351</b>
Vélar, áhöld og tæki.....		38.628	19.795		<b>58.423</b>					1.853		<b>60.276</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir		<b>682.033</b>	<b>19.795</b>		<b>701.828</b>	<b>168.192</b>	<b>23.005</b>	<b>187.027</b>	<b>26.129</b>	<b>85.242</b>		<b>1.191.423</b>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:												
Eignahlutir í félögum.....	54.091				<b>54.091</b>							<b>54.091</b>
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki - A.....	124.661			(124.661)								
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	18.021				<b>18.021</b>							<b>18.021</b>
	<b>196.774</b>			<b>(124.661)</b>	<b>72.112</b>							<b>72.112</b>
<b>Fastafjármunir</b>	<b>196.774</b>	<b>682.033</b>	<b>19.795</b>	<b>(124.661)</b>	<b>773.941</b>	<b>168.192</b>	<b>23.005</b>	<b>187.027</b>	<b>26.129</b>	<b>85.242</b>		<b>1.263.535</b>
<b>Veltufjármunir:</b>												
Skammtímakröfur:												
Óinnheimtar tekjur.....	54.314				<b>54.314</b>	10.652		629		275		<b>65.870</b>
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - A.....	792.982			(792.982)		97.582	6.397		27.844		(131.822)	
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - B.....	239.013				<b>239.013</b>						(239.013)	
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	783				<b>783</b>							<b>783</b>
Aðrar skammtímakröfur.....	9.581	11.632			<b>21.213</b>		318					<b>21.531</b>
Næsta árs afb langtímakrafna - A.....	6.017			(6.017)								
Handbært fé.....	391.623				<b>391.623</b>	166		7				<b>391.796</b>
<b>Veltufjármunir</b>	<b>1.494.312</b>	<b>11.632</b>		<b>(798.998)</b>	<b>706.946</b>	<b>108.400</b>	<b>6.715</b>	<b>636</b>	<b>27.844</b>	<b>275</b>	<b>(370.836)</b>	<b>479.980</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.691.086</b>	<b>693.666</b>	<b>19.795</b>	<b>(923.660)</b>	<b>1.480.887</b>	<b>276.591</b>	<b>29.720</b>	<b>187.663</b>	<b>53.973</b>	<b>85.518</b>	<b>(370.836)</b>	<b>1.743.515</b>

## Efnahagsyfirlit 31.12 2021

(Allar fjárhæðir eru í þús.)

	Aðal - sjóður	Eigna - sjóður	Þjónustu- miðstöð	Milli- færslur	Samstæðu- reikningur A-hluta	Hafnar- sjóður	Vatns- veita	Félagslegar leiguíbúðir	Fráveita	Félags- heimili	Milli- færslur	Samstæðu- reikningur
<b>Eigið fé og skuldir</b>												
<b>Eiginfjárreikningar:</b>												
Eigið fé.....	1.257.074	(24.921)	(185.278)		<b>1.046.875</b>	273.500	29.720	(16.542)	53.973	(85.377)		<b>1.302.148</b>
<b>Skuldir</b>												
<b>Skuldbindingar:</b>												
Lífeyrisskuldbindingar.....	237.154				<b>237.154</b>							<b>237.154</b>
<b>Langtímaskuldir:</b>												
Skuldir við lánastofnanir.....								120.312				<b>120.312</b>
Skuldir við eigin fyrirtæki - A.....		124.391		(124.391)								
		124.391		(124.391)				120.312				<b>120.312</b>
<b>Skammtímaskuldir:</b>												
Viðskiptaskuldir.....	47.830				<b>47.830</b>							<b>47.830</b>
Skuldir við eigin fyrirtæki - A.....		587.908	205.073	(792.982)				74.515		170.895	(245.410)	
Skuldir við eigin fyrirtæki - B.....	125.426				<b>125.426</b>						(125.426)	
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....								6.077				<b>6.077</b>
Næsta árs afborganir langtímaskulda - A.....		6.287		(6.287)								
Aðrar skammtímaskuldir.....	23.603				<b>23.603</b>	3.091		3.301				<b>29.995</b>
	196.858	594.196	205.073	(799.269)	<b>196.858</b>	3.091		83.893		170.895	(370.836)	<b>83.901</b>
Skuldir og skuldbindingar samtals	434.012	718.586	205.073	(923.660)	<b>434.012</b>	3.091		204.205		170.895	(370.836)	<b>441.367</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>1.691.086</b>	<b>693.666</b>	<b>19.795</b>	<b>(923.660)</b>	<b>1.480.887</b>	<b>276.591</b>	<b>29.720</b>	<b>187.663</b>	<b>53.973</b>	<b>85.518</b>	<b>(370.836)</b>	<b>1.743.515</b>